



Tækniupplýsingar

HRÁ EÐA SOÐIN KALDPRESSUÐ LÍNOLÍA

VÖRULÝSING

Allbäck línolían er hágæða olía sem er kaldpressuð í fyrstu og síðan eru öll prótein og önnur óhreinindi fjarlægð. Hún er því mun hreinni en gengur og gerist og hefur betri vætingu inn í viðinn, meira vatnspól og styttri þurrktíma. Þessi gagnvera hreinsun tryggir að engin þörf er á rotvarnarefnum í Allbäck vörurnar, t.d. í Linus veggmálningunni.

Allbäck línolían er unnin eftir gömlum framleiðsluferlum sem hafa verið í þróun frá átjándu öld. Línolía, hrá eða soðin, hefur verið notuð í Svíþjóð um langan aldur. Svíum urðu snemma ljósir kostirnir sem hrein próteinfrí línolía hafði í viðhaldi mannvirkja. Til dæmis var snemma byrjað á að nota kaldpressaða hráa línolíu (Allbäck Rå Linolja) á ómeðhöndlað timbur áður en málað var. Hún ísogast nefnilega afar vel í tréverk og ver það þannig gegn raka og fúa. Kaldpressuð hrá línolía er einnig kjörin til framleiðslu á línólúkitti og línolúsápu.

Soðin, oxuð línolía (Allbäck Kokt Linolja) er gerð þannig: Hrá línolía er soðin með smávegis af þurrkefni. Við það þykkar olían og þurrktíminn er stytur enn meira en í hráu olíunni. Þetta efni er það sem margir þekkja undir heitinu fernisolía og hefur í gegnum tíðina verið mikið notuð á trégólf og í viðhaldi trébáta. Soðin línolía er einnig notuð til framleiðslu línólíumálningar, línólíuvax og Linus veggmálningar. Auk þess má nýta hana til að þynna línólíumálningu og til viðhalds hennar. Soðin línolía hentar ekki sem grunnur undir málningu – þar skal nota hráa línolíu.

Línólíumálning á til að mattast nokkuð með tímanum. Hraði þessa ferlis fer eftir aðstæðum og veðrun. Sjávarloft og heitar, sólríkar aðstæður ýta undir þessa breytingu. Við þetta geta litarefni losnað úr málningunni. Það er nefnt krítun. Þegar svo er komið er tímabært að ráðast í viðhald. Það er gert með línolúsápu- eða sprittþvotti. Síðan er soðin línolía eða línólíuvax sett á flötinn. Eftir þessar aðgerðir endurheimtir málningin fyrri lit og gljáa.

Þar sem línolía er náttúruvara getur komið fram einhver litamunur milli framleiðslulota en það hefur engin áhrif á gæði vörunnar. Hafið í huga að samanvöðlaðir klútar, vættir í línolíu (hrárrí eða soðinni), geta orðið fyrir sjálfþendrun. Ráðlegt er því að metta þá strax með vatni og farga.

Þær upplýsingar sem gefnar eru hér að ofan eru réttar samkvæmt okkar bestu vitneskju. Þar sem við getum ekki haft stjórn á aðstæðum og vinnulagi á hverjum stað, getum við ekki ábyrgst árangur. Notendum er ráðlagt að kanna með prófunum fyrir notkun hvort varan hentar þeirra þörfum.

